**BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR**
**VORIÐ 2016**

# KVIKMYNDAFRÆÐSLA Á VORÖNN 2016











Í boði er kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglinga á þriðjudögum og fimmtudögum á vorönn 2016. Sýningar eru ýmist klukkan 10:00 eða klukkan 13:00. Elstu hópum leikskóla er boðin þátttaka, ráði hópurinn við það að mati umsjónaraðila. Um er að ræða tvær til þrjár myndir sem gætu hentað, sjá dagskrá.

Tilgangurinn með sýningunum er alhliða kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglinga í grunnskólum til að kynna fyrir þeim kvikmyndir sem hafa alþjóðlega gæðastimpla, eru lykilkvikmyndir sem hafa skapað sér sess innan kvikmyndasögunnar og eru frá ýmsum þjóðlöndum.

Við leggjum metnað okkar í að hafa úrvalið sem fjölbreyttast og höldum áfram að kanna reynsluheim stúlkna frá framandi þjóðlöndum með kvikmyndinni um Malölu Yousafzai og baráttu hennar fyrir mannréttindum stúlkna, baráttu gegn barnavændi á Filippseyjum í Lilet Never Happened og lítum okkur nær með heimildamyndinni Stúlkurnar á Kleppjárnsreykjum. E.T. snýr aftur fyrir miðstigið, við fáum innsýn í upplýsingaöldina sem hélt innreið sína til Danmerkur með líflækni Kristjáns sjöunda og Karólínu Matthildi drottningu, kynnumst ótrúlegu lífshlaupi pólska píanóleikarans Wladyslaw Szpilman á tímum síðari heimsstyrjaldar í kvikmyndinni Píanóleikarinn eftir Roman Polanski. Við sýnum jafnframt aðra pólska mynd, Idu, sem segir frá ungri stúlku sem hyggst gerast nunna og uppgötvar leyndarmál sem sviptir hulunni af fortíðinni, en báðar myndirnar hlutu Óskarsverðlaunin.

Við höldum áfram að kanna fantasíuheim Wes Anderson með myndinni Moonrise Kingdom, kryfjum til mergjar ævintýraheim Narníulandsins og töfraveröldina í Harry Potter og eldbikarinn, fáum innsýn í betri veröld í belgísku kvikmyndinni Glænýja Testamentið sem er að hluta tekin á Íslandi, skoðum staðalímyndir í Mulan og Kirikou og galdranornin snýr aftur fyrir yngstu börnin.
Við sýnum áfram úr lykilkvikmyndum á undan sýningum til frekari fræðslu. Hér fyrir neðan má sjá dagskrána og umfjöllun um hverja mynd.

**Pantið tímanlega hjá verkefnastjóra: oddnysen@gmail.com**










# KVIKMYNDIR

**NARNÍA** - Skáldverk C.S. Lewis, Narníuheimur, goðsagnir, kristni 2b.-6.b

**MOONRISE KINGDOM** - Kvikmyndir Wes Anderson, ástir ungmenna, sjöundi áratugurinn 6.b.-10.b

**GLÆNÝJA TESTAMENTIÐ** - Trúarbrögð, vandamál í fjölskyldu, fordómar, transfólk, betri heimur, myndir á borð við Amélie, franska, 8.b.-10.b.

**STÚLKURNAR Á KLEPPJÁRNSREYKJUM** - Hernámið á Íslandi, ástandið, fordómar, mannréttindi, kvenréttindi 8.b.-10.b

**E.T.** - Geimverur, vísindi, fordómar, framandlegar verur, vinátta, upprisan 4.b.-7.b.

**MULAN** - Ævintýri, myndlist, kínverskar siðvenjur, hernaður, sterk kvenhetja 1.b.-5.b.

**KONUNGLEGT SAMBAND** - Mannkynssaga, Danmörk, upplýsingaöldin, læknavísindi, danska 8.b.-10.b.

**IDA** - Mannkynssaga, Pólland, helförin, nunnur, stalínismi, 8..b.- 10.b.

**PÍANÓLEIKARINN** - Mannkynssaga, helförin, Varsjá, tónlist 10.b.

**KIRIKOU OG GALDRANORNIN** - Myndlist, afrísk list, ævintýri 1.b.-4.b.

**LILET NEVER HAPPENED** - Mannréttindi stúlkna, Filippseyjar, margmenningarsamfélag, félagsleg úrræði, fátækt, 8.b.-10.b.

**HARRY POTTER OG ELDBIKARINN** - Ævintýri, galdrar, goðsagnir 6.b.-9.b.

**MALALA** - Mannréttindi, frelsi stúlkna til að mennta sig, ævisaga Malölu Youzafaiz, hugrekki, kvenréttindi, Pakistan 7.b.-10.b

*Hugsanlegt er að hægt sé að, bjóða, í samvinnu við verkefnisstjórann Oddnýju Sen og Bíó Paradís, þeim börnum sem ekki treysta sér til að horfa á myndina sem valin hefur verið, tækifæri til að skoða athyglisvert prentefni um kvikmyndir á meðan á sýningu*

*Rétt er að ítreka að ávallt skal vara nemendur við þegar myndir eru bannaðar yngri aldurshópum og gera þeim kleift að sleppa því að sjá myndina ef þau treysta sér ekki til þess!*

## BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR
## VORIÐ 2016










PANTIÐ TÍMANLEGA: oddnysen@gmail.com

**ÞRI 19. JANÚAR KL. 10:00 NARNÍA**
**ÞRI 19. JANÚAR KL 13:00 MOONRISE KINGDOM**

**FIM 21. JAN KL. 10:00 MOONRISE KINGDOM**
**FIM 21. JAN KL. 13:00 GLÆNÝJA TESTAMENTIÐ**

**ÞRI 26. JAN KL. 10:00 STÚLKURNAR Á KLEPPJÁRNSREYKJUM**
**ÞRI. 26. JAN KL. 13:00 E.T.**

**FIM 28. JAN KL. 10:00 MULAN**
**FIM 28. JAN KL. 13:00 KONUNGLEGT SAMBAND**

**ÞRI 2. FEB KL. 10:00 IDA**
**ÞRI 2. FEB KL. 13:00 STÚLKURNAR Á KLEPPJÁRNSREYKJUM**

**FIM 4. FEB KL. 10:00 KIRIKIOU OG GALDRANORNIN**
**FIM 4. FEB KL. 13:00 PÍANÓLEIKARINN**

**FIM 11. FEB KL 10:00 LILET NEVER HAPPENED**
**FIM 11. FEB KL. 13:00 HARRY POTTER**

**ÞRI 16. FEB KL. 10:00 MALALA/ KIRIKOU OG GALDRANORNIN**
**ÞRI 16. FEB KL. 13:00 MULAN/ MOONRISE KINGDOM**

**STOCKFISH 18. FEB TIL 28. FEBRÚAR OG VETRARFRÍ**
**ÞRI 1. MARS KL. 10:00 PÍANÓLEIKARINN**
**ÞRI 1. MARS KL. 13:00 NARNÍA**

**FI 8. MARS KL. 10:00 E.T.**
**FI 8. MARS KL. 13:00 IDA**

**ÞRI 15. MARS KL. 10:00 MULAN**
**ÞRI 15. MARS KL. 13:00 KONUNGLEGT SAMBAND**











**BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR**
**VORIÐ 2016**

PANTIÐ TÍMANLEGA: oddnysen@gmail.com

FIM 17. MARS KL. 10:00 STÚLKURNAR Á KLEPPJÁRNSREYKJUM/ KIRIKOU OG GALDRANORNIN

FIM 17. MARS KL. 13:00 LILET NEVER HAPPENED

ÞRI 29. MARS KL. 10:00 MOONRISE KINGDOM
ÞRI 29. MARS KL. 13:00 NARNÍA/E.T.

BARNAKVIKMYNDAHÁTÍÐIN 31.MARS TIL 10. APRÍL

ÞRI 12. APRÍL KL. 10:00 LILET NEVER HAPPENED/ HARRY POTTER

ÞRI 12. APRÍL KL. 13:00 KONUNGLEGT SAMBAND/GLÆNÝJA TESTAMENTIÐ

FIM 14. APRÍL KL. 10:00 MALALA/E.T.

FIM 14. APRÍL KL. 13:00 PÍANÓLEIKARINN

ÞRI 19. APRÍL KL. 10:00 IDA/KIRIKOU OG GALDRANORNIN

ÞRI 19. APRÍL KL 13:00 GLÆNÝJA TESTAMENTIÐ

ÞRI 26. APRÍL KL. 10:00 GLÆNÝJA TESTAMENTIÐ
ÞRI 26. APRÍL KL 13:00 MALALA

FIM 28. APRÍL KONUNGLEGT SAMBAND
FIM 28. APRÍL HARRY POTTER OG ELDBIKARINN

**Vorönn 2016**
**Myndir í sýningarröð:**

**Narnía 2.b-6. b.**

**Moonrise Kingdom 6.b.-10.b.**

**Glænýja testamentið 8.b.-10.b.**

**E.T. 4.b.-7.b.**

**Mulan 1.b.-5.b.**

**Konunglegt samband 8.b.-10.b.**

**Ida 8.b.-10.b.**

**The Pianist 10.b.**

**Kirikou og galdranornin 1.b.-4.b.**

**Lilet Never Happened 8.b.-10.b.**

**Harry Potte og eldbikarinn 6.b.-9.b.**

**Malala 7.b.-10.b.**

**Verkefnisstjóri og höfundur: Oddný Sen**

**BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR**
**VORIÐ 2016**

# NARNÍA

Sýnd kl. 10:00 - 19. janúar, 19. apríl  Sýnd kl. 13:00 1. mars og 29. mars

**TEGUND OG ÁR: Ævintýri, 2005, LENGD: 143 MIN, LAND: Bandaríkin, LEIKSTJÓRI: Andrew Adamson/AÐALHLUTVERK: Tilda Swinton, Georgie Henley, William Moseley.**



Myndin er byggð á barnabókinni frægu. Ljónið, nornin og skápurinn eftir breska rithöfundinn og guðfræðinginn Clive Staples Lewis, en hann skrifaði alls sjö sögur sem gerast í Narníulandi. Þar eru talandi og goðsagnarkennd dýr sem hafa lifað undir ógnarstjórn hvítu nornarinnar í hundrað ár.

Á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar eru fjögur börn send frá London til að dvelja í húsi úti á landi. Þau finna dularfullan klæðaskáp sem er eins konar hlið á milli raunheimsins og Narníulandsins og komast að því að þau þurfa að uppfylla aldagamlan spádóm og bjarga íbúum Narníu.

Myndin hefur fengið fjölda verðlauna, þar á meðal Óskars- og BAFTA-verðlaunin fyrir bestu förðun árið 2005 og vakti mikla athygli fyrir glæsilega sviðsmynd, tæknibrellur og búninga.

**BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR**
**VORIÐ 2016**

**Vorönn 2016**
**Myndir í sýningarröð:**

**Narnía 2.b-6. b.**

**Moonrise Kingdom 6.b.-10.b.**

**Glænýja testamentið 8.b.-10.b.**

**E.T. 4.b.-7.b.**

**Mulan 1.b.-5.b.**

**Konunglegt samband 8.b.-10.b.**

**Ida 8.b.-10.b.**

**Píanóleikarinn 10.b.**

**Kirikou og galdranornin 1.b.-4.b.**

**Lilet Never Happened 8.b.-10.b.**

**Harry Potte og eldbikarinn 6.b.-9.b.**

**Malala 7.b.-10.b.**

**Verkefnisstjóri og höfundur: Oddný Sen**

# MOONRISE KINGDOM

Sýnd kl. 10:00 - 21. janúar, 29. mars   Sýnd kl. 13:00 - 19. janúar, 16. febrúar

**TEGUND OG ÁR: Ævintýri, drama, grínmynd 2012, LENGD: 94 MIN, LAND: Bandaríkin, LEIKSTJÓRI: Wes Anderson AÐALHLUTVERK: Jared Gilman, Kara Hayward, Bruce Willis.**



Myndin gerist á lítilli eyju árið 1965 þar sem búa örfáar hræður og fjallar um 12 ára strák og stelpu sem verða ástfangin. Þau gera með sér leynilegt samkomulag um að flýja saman út í óbyggðirnar. Á meðan hin ýmsu yfirvöld og stofnanir leita þeirra sækir skuggalegur stormur í sig veðrið - og á endanum er hið sallarólega samfélag litlu eyjunnar komið á annan endann.
Anderson hefur mjög sérstakan stíl sem einkennir verk hans. Föt og hárgreiðslur eru áberandi, áhersla er lögð á leikmuni og atriðin eru mjög stílfærð. Myndir hans einkennast af löngum skotum, mjög sterkum litum, íburðarmiklum búningum og sviðsmynd. Hann notar einnig tölvuhönnuð atriði og svokölluð “fuglaskot” sem er ofanskot úr mikilli hæð. Öll þessi atriði verða tekin fyrir og skoðuð í þessari skemmtilegu mynd.

**BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR**
**VORIÐ 2016**

**Vorönn 2016 Myndir í sýningarröð:**

**Narnía 2.b-6. b.**

**Moonrise Kingdom 6.b.-10.b.**

**Glænýja testamentið 8.b.-10.b.**

**E.T. 4.b.-7.b.**

**Mulan 1.b.-5.b.**

**Konunglegt samband 8.b.-10.b.**

**Ida 8.b.-10.b.**

**The Pianist 10.b.**

**Kirikou og galdranornin 1.b.-4.b.**

**Lilet Never Happened 8.b.-10.b.**

**Harry Potte og eldbikarinn 6.b.-9.b.**

**Malala 7.b.-10.b.**

**Verkefnisstjóri og höfundur: Oddný Sen**

# GLÆNÝJA TESTAMENTIÐ

Sýnd kl. 10:00 - 12, apríl, 26. apríl    Sýnd kl. 13:00 - 21. janúar, 19. apríl

**TEGUND OG ÁR: Gamanmynd 2015, LENGD: 115 MIN, LAND: Belgía, LEIKSTJÓRI: Jaco Van Dormael, AÐALHLUTVERK: Phil Groyne, Benoit Poelvoorde, Catherine Deneuve.**



Í þessari skemmtilegu og hugmyndaríku mynd er sköpunarsögunni snúið við. Guð er til og býr í Brussel; hann er giftur vitgrannri gyðju og á dóttur sem er staðráðin í að koma hlutunum í lag og bjarga heiminum. Hún fer að heiman til að finna sex postula sem allir hafa eitt sérkenni. Einn þeirra er glæsileg ung kona með gervihandlegg og annar þeirra er ungur drengur sem á í baráttu við erfiðan sjúkdóm - en allt fer vel á endanum.

Myndin var sýnd á Directors' Fortnight á kvikmyndahátíðinni í Cannes 2015 og vakti mikla athygli fyrir einstæða kvikmyndatöku og skemmtilegt handrit. Myndin er að hluta tekin á Íslandi en stílbrögðin minna á myndir Wes Anderson og Jean-Pierre Jeunet sem gerði myndina um Amélie.

# BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR
# VORIÐ 2016

**Vorönn 2016 Myndir í sýningarröð:**

**Narnía 2.b-6. b.**

**Moonrise Kingdom 6.b.-10.b.**

**Glænýja testamentið 8.b.-10.b.**

**E.T. 4.b.-7.b.**

**Mulan 1.b.-5.b.**

**Konunglegt samband 8.b.-10.b.**

**Ida 8.b.-10.b.**

**The Pianist 10.b.**

**Kirikou og galdranornin 1.b.-4.b.**

**Lilet Never Happened 8.b.-10.b.**

**Harry Potte og eldbikarinn 6.b.-9.b.**

**Malala 7.b.-10.b.**

**Verkefnisstjóri og höfundur: Oddný Sen**

## STÚLKURNAR Á KLEPPJÁRNSREYKJUM

Sýnd kl. 10:00 - 26. janúar, 17. mars Sýnd kl. 13:00 2. febrúar

**TEGUND OG ÁR: Heimildamynd 2014, LENGD: 94 MIN, LAND: Ísland, LEIKSTJÓRI: Alma Ómarsdóttir.**




Skömmu eftir hernámið í seinni heimsstyrjöldinni fór allt á annan endann í íslensku samfélagi vegna samskipta kvenna við setuliðið. „Ástandsstúlkur" voru fordæmdar í dagblöðum og ráðamenn þjóðarinnar töluðu um að lauslæti og skækjulifnaður ógnaði íslensku þjóðerni og þjóðarsóma. Í kjölfarið var gripið til fordæmalausra mannréttindabrota; sjálfræðis- og frlesissviptinga ungra kvenna undir yfirskyni björgunar. Heimildamyndin Stúlkurnar á Kleppjárnsreykjum: Lauslæti og landráð sviptir hulunni af myrkum kafla sögunnar sem hefur legið í þagnargildi í áratugi.

**BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR**
**VORIÐ 2016**

**Vorönn 2016 Myndir í sýningarröð:**

**Narnía 2.b-6. b.**

**Moonrise Kingdom 6.b.-10.b.**

**Glænýja testamentið 8.b.-10.b.**

**E.T. 4.b.-7.b.**

**Mulan 1.b.-5.b.**

**Konunglegt samband 8.b.-10.b.**

**Ida 8.b.-10.b.**

**The Pianist 10.b.**

**Kirikou og galdranornin 1.b.-4.b.**

**Lilet Never Happened 8.b.-10.b.**

**Harry Potte og eldbikarinn 6.b.-9.b.**

**Malala 7.b.-10.b.**

**Verkefnisstjóri og höfundur: Oddný Sen**

# E.T.

Sýnd kl. 10:00 8. mars, 14. apríl Sýnd kl. 13:00 26. janúar, 29. mars

**TEGUND OG ÁR: Vísindaskáldsaga, drama 2012, LENGD: 115 MIN, LAND: Bandaríkin, LEIKSTJÓRI: Steven Spielberg AÐALHLUTVERK: Henry Thomas, Drew Barrymore, Peter Coyote.**



Myndin fjallar um samskipti einmana pilts, Elliots, við vinalega geimveru, sem verður viðskila við félaga sína og ílengist á jörðinni. Elliot finnur hana og fer með hana heim til sín. Brátt kemur í ljós að E.T. er ekki aðeins greind geimvera, hún er líka góðhjörtuð og með henni og Elliot tekst sérstæð vinátta. En E.T. vill komast heim og Elliot reynir að hjálpa henni, en þau lenda í vandræðum þegar yfirvöld frétta af því að geimvera heldur til hjá fjölskyldu Elliot.

E.T. hefur heillað ung sem og gömul hjörtu, enda er dýpri boðskapur í henni en við fyrstu sýn. Myndin er ádeila á fordóma gagnvart framandlegu fólki og í henni má finna kristileg tákn eins og upprisuna.

**Vorönn 2016 Myndir í sýningarröð:**

**Narnía 2.b-6. b.**

**Moonrise Kingdom 6.b.-10.b.**

**Glænýja testamentið 8.b.-10.b.**

**E.T. 4.b.-7.b.**

**Mulan 1.b.-5.b.**

**Konunglegt samband 8.b.-10.b.**

**Ida 8.b.-10.b.**

**The Pianist 10.b.**

**Kirikou og galdranornin 1.b.-4.b.**

**Lilet Never Happened 8.b.-10.b.**

**Harry Potte og eldbikarinn 6.b.-9.b.**

**Malala 7.b.-10.b.**

**Verkefnisstjóri og höfundur: Oddný Sen**

**BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR VORIÐ 2016**

# MULAN

Sýnd kl. 10:00 - 28 janúar, 15. mars        Sýnd kl. 13:00 16. febrúar

**TEGUND OG ÁR: Ævintýri, teiknimynd 1998, LENGD: 88 MIN, LAND: Bandaríkin, LEIKSTJÓRI: Tony Bancroft AÐALHLUTVERK: Ming-Na Wen, Eddie Murphy, BD Wong.**



Baksviðið í Mulan er víðáttumikið og dularfullt landslagið í Kína, en sagan hefst þegar Húnakonungurinn Shan-Yu ræðast með her sinn yfir landamæri Kína. Keisarinn ástsæli sendir þegar út boð um að einn úr hverri fjölskyldu verði að þjóna í hernum til að verjast innrásarliðinu.

Á sama tíma og þetta gerist er Mulan, einkadóttir Fa hjónanna, að búa sig undir að hitta hjónabandsmiðlara í afskekktu þorpinu þar sem hún býr, en Mulan hefur lítinn áhuga á að giftast og ákveður að ganga í herinn í stað föður síns. Hún tekur gífurlega áhættu og leggur bæði framtíð kínversku þjóðarinnar og fjölskylduheiðurinn að veði í örlagaríkri baráttu.

Vorönn 2016
Myndir í sýningarröð:

Narnía 2.b-6.b.

Moonrise Kingdom 6.b.-10.b.

Glænýja testamentið 8.b.-10.b.

E.T. 4.b.-7.b.

Mulan 1.b.-5.b.

Konunglegt samband 8.b.-10.b.

Ida 8.b.-10.b.

Píanóeilarinn 10.b.

Kirikou og galdranornin 1.b.-4.b.

Lilet Never Happened 8.b.-10.b.

Harry Potte og eldbikarinn 6.b.-9.b.

Malala 7.b.-10.b.

Verkefnisstjóri og höfundur: Oddný Sen

# BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR VORIÐ 2016

## KONUNGLEGT SAMBAND

Sýnd kl. 10:00 - 15. mars

Sýnd kl. 13:00- 28. janúar, 12. apríl

**TEGUND OG ÁR: Sannsögulegt drama, 2012, LENGD: 137 MIN LAND: Danmörk, LEIKSTJÓRI: Nikolaj Arcel. AÐALHLUTVERK: Alicia Vikander, Mads Mikkelsen, Mikkel Boe Folsgaard**



Myndin gerist snemma á áttunda áratug átjándu aldar og fjallar um Karólínu Matthildi, sem var ensk að uppruna og giftist Kristjáni sjöunda Danakonungi. Hann var veikur á geði en einn af fáum mönnum sem náði til hans var hinn þýski líflæknir hans, Johann Friedrich Struensee - maður upplýsingar og hugsjóna. Karólína og Struensee felldu hugi saman en myndin er grípandi saga hugrakkra hugsjónamanna sem lögðu allt í sölurnar í baráttu sinni fyrir frelsi þjóðarinnar. Myndin er metnaðarfyllsta verkefni Zentropa og hlaut kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2012.

**BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR**
**VORIÐ 2016**

**Vorönn 2016 Myndir í sýningarröð:**

**Narnía 2.b-6. b.**

**Moonrise Kingdom 6.b.-10.b.**

**Glænýja testamentið 8.b.-10.b.**

**E.T. 4.b.-7.b.**

**Mulan 1.b.-5.b.**

**Konunglegt samband 8.b.-10.b.**

**Ida 8.b.-10.b.**

**Píanóleikarinn 10.b.**

**Kirikou og galdranornin 1.b.-4.b.**

**Lilet Never Happened 8.b.-10.b.**

**Harry Potte og eldbikarinn 6.b.-9.b.**

**Malala 7.b.-10.b.**

**Verkefnisstjóri og höfundur: Oddný Sen**

# IDA

Sýnd kl. 10:00 - 2. febrúar , 19. apríl Sýnd kl. 13:00 8. mars

**TEGUND OG ÁR: Drama, 2013, LENGD: 82 MIN, LAND: Pólland LEIKSTJÓRI: Pawel Pawlikowski AÐALHLUTVERK: Agata Kulesza, Agata Trzebuchowska, Dawid Ogrodnik.**




Pólland 1962. Myndin fjallar um Önnu, munaðarlausa stúlku sem alist hefur upp í klaustri í Póllandi. Þegar til stendur að hún gangi formlega til liðs við nunnurnar, biður abbadísin hana um að hitta frænku sína, síðasta eftirlifandi ættingja sinn. Frænkan segir Önnu frá uppruna hennar og foreldrum og saman fara þær í ferðalag sem sviptir hulunni af leyndarmáli í fjölskyldunni.

Ida er kvikmynd um fjölskylduna, trú, samvisku, sjálfsmynd og tónlist, en myndin hefur farið sigurför um heiminn og hlaut Óskarsverðlaunin sem besta erlenda myndin árið 2014.

**BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR**
**VORIÐ 2016**

**Vorönn 2016 Myndir í sýningarröð:**

**Narnía 2.b-6. b.**

**Moonrise Kingdom 6.b.-10.b.**

**Glænýja testamentið 8.b.-10.b.**

**E.T. 4.b.-7.b.**

**Mulan 1.b.-5.b.**

**Konunglegt samband 8.b.-10.b.**

**Ida 8.b.-10.b.**

**Píanóleikarinn 10.b.**

**Kirikou og galdranornin 1.b.-4.b.**

**Lilet Never Happened 8.b.-10.b.**

**Harry Potte og eldbikarinn 6.b.-9.b.**

**Malala 7.b.-10.b.**

**Verkefnisstjóri og höfundur: Oddný Sen**

# PÍANÓLEIKARINN

Sýnd kl. 10:00 - 1. mars Sýnd kl. 13:00 - 4. febrúar, 14. apríl

**TEGUND OG ÁR: Drama, byggt á sönnum atburðum, 2002, LENGD: 150 MIN, LAND: Frakkland/Pólland, LEIKSTJÓRI: Roman Polanski, AÐALHLUTVERK: Adrien Brody, Thomas Kretschmann, Frank Finlay.**



Hér segir frá ótrúlegu lífshlaupi pólska píanóleikarans Wladyslaw Szpilman (Adrien Brody) og hvernig honum, með dyggri aðstoð pólsku andspyrnuhreyfingarinnar og ennfremur tilviljun og hreinni heppni tókst að leynast fyrir nasistunum meginhluta stríðsins 1939-1945. Myndin fjallar um hernám Póllands 1939 og hvernig nasistar fóru með Pólverja í stríðinu, niðurlægðu þá og sviptu þá öllum mannréttindum.

Myndin hlaut Óskarsverðlaunin árið 2002 sem besta erlenda kvikmyndin.

**BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR**
**VORIÐ 2016**

**Vorönn 2016 Myndir í sýningarröð:**

**Narnía 2.b-6. b.**

**Moonrise Kingdom 6.b.-10.b.**

**Glænýja testamentið 8.b.-10.b.**

**E.T. 4.b.-7.b.**

**Mulan 1.b.-5.b.**

**Konunglegt samband 8.b.-10.b.**

**Ida 8.b.-10.b.**

**Píanóleikarinn 10.b.**

**Kirikou og galdranornin 1.b.-4.b.**

**Lilet Never Happened 8.b.-10.b.**

**Harry Potte og eldbikarinn 6.b.-9.b.**

**Malala 7.b.-10.b.**

**Verkefnisstjóri og höfundur: Oddný Sen**

## KIRIKOU OG GALDRANORNIN

Sýnd kl. 10:00 4. febrúar, 16. febrúar, 17 mars, 19. apríl

**TEGUND OG ÁR: Ævintýri, teiknimynd 1998, LENGD: 74 MIN LAND: Frakkland, LEIKSTJÓRI: Michel Ocelot AÐALHLUTVERK: Theo Sebeko, Antoine Kellermenn, Fezile Mpela, Mabutho.**



Kirikou og galdranornin er byggð á afrískri smásögu eftir sama höfund og gerði ævintýrið um Azur og Asmar. Í myndinni segir frá ævintýrum Kirikou, pínulitlum afrískum dreng sem á heima í litlu þorpi í Afríku. Hann er enginn venjulegur drengur því hann getur strax talað og gengið og veit nákvæmlega hvað hann vill. Myndin segir frá baráttu hans við galdranornina Karöbu sem stjórnar íbúum þorpsins með göldrum, svo kannski er Kirikou litli síðasta vonin sem fólkið hefur.

Myndin er gerð í austurafrískum stíl og allur gróður sem er teiknaður í myndinni er gerður eftir raunverulegum plöntum og trjám frá Afríku. Myndin er með íslensku tali.

**Vorönn 2016 Myndir í sýningarröð:**

**Narnía 2.b-6. b.**

**Moonrise Kingdom 6.b.-10.b.**

**Glænýja testamentið 8.b.-10.b.**

**E.T. 4.b.-7.b.**

**Mulan 1.b.-5.b.**

**Konunglegt samband 8.b.-10.b.**

**Ida 8.b.-10.b.**

**Píanóleikarinn 10.b.**

**Kirikou og galdranornin 1.b.-4.b.**

**Lilet Never Happened 8.b.-10.b.**

**Harry Potte og eldbikarinn 6.b.-9.b.**

**Malala 7.b.-10.b.**

**Verkefnisstjóri og höfundur: Oddný Sen**

**BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR**
**VORIÐ 2016**

# LILET NEVER HAPPENED

Sýnd kl. 10:00 - 11. febrúar, 12. apríl

Sýnd kl. 13:00 - 17. mars

**TEGUND OG ÁR: Sannsögulegt drama 2012, LENGD: 105 MIN, LAND: Holland LEIKSTJÓRI: Jacco Groen, AÐALHLUTVERK: Sandy Talag, Johanna ter Steege, John Arcilla.**



Lilet Never Happened fjallar um það alvarlega vandamál sem barnavændi er í þriðja heiminum. Myndin er gerð fyrir börn, í þeim tilgangi að sýna þeim veruleika annarra barna í þeim löndum sem glíma við þessi vandamál.

Lilet er handtekin úti á götu og sett í fangaklefa þar sem hún hittir Gloríu, góðlátlega konu sem vinnur við að aðstoða götubörn á Filipseyjum og heldur úti skólastarfi á vegum alþjóðlegs verkefnis. Lilet helst ekki lengi í skólanum þar sem hún fer að vinna á bar þar sem eldri systir hennar vinnur og hún neyðist út í vændi. Lilet er bjargað frá þessum ógnvænlegu örlögum með dyggri aðstoð Gloríu og hennar fólks að lokum. Myndin er byggð á sannri sögu.

Vorönn 2016 Myndir í sýningarröð:

Narnía 2.b-6. b.

Moonrise Kingdom 6.b.-10.b.

Glænýja testamentið 8.b.-10.b.

E.T. 4.b.-7.b.

Mulan 1.b.-5.b.

Konunglegt samband 8.b.-10.b.

Ida 8.b.-10.b.

Píanóleikarinn 10.b.

Kirikou og galdranornin 1.b.-4.b.

Lilet Never Happened 8.b.-10.b.

Harry Potte og eldbikarinn 6.b.-9.b.

Malala 7.b.-10.b.

Verkefnisstjóri og höfundur: Oddný Sen

**BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR**
**VORIÐ 2016**

# HARRY POTTER OG ELDBIKARINN

Sýnd kl. 10:00 - 12. apríl

Sýnd kl. 13:00 11. febrúar, 28. apríl

**TEGUND OG ÁR: Ævintýri, 2005, LENGD: 157 MIN, LAND: Bandaríkin, LEIKSTJÓRI: Mike Newell, AÐALHLUTVERK: Daniel Radcliffe, Emma Watson, Rupert Grint.**




Harry Potter og vinir hans í Hogwarts lenda í fleiri ævintýrum í fjórðu myndinni um galdrastrákinn Harry. Nýtt skólaár er að hefjast í Hogwarts og krakkarnir bíða þess spennt. Þetta árið hefur Hogwarts verið valinn til að halda keppni eina en hver sá sem sigrar hana hlýtur ævarandi heiður og frægð fyrir. Þó venjan sé að aðeins þrír taki þátt í þessari keppni þá verður aðalhetjan okkar, Harry Potter fyrir valinu sem sá fjórði. Keppni þessi er alls ekki auðveld og dæmi um að keppendur hafi ekki snúið aftur úr henni lifandi. Keppnin er þó ekki eina áhyggjuefni Harrys því hann hefur dreymt um endurkomu Voldemorts sem hefur ekkert gott í hyggju.

**BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR**
**VORIÐ 2016**

**Vorönn 2016 Myndir í sýningarröð:**

**Narnía 2.b-6. b.**

**Moonrise Kingdom 6.b.-10.b.**

**Glænýja testamentið 8.b.-10.b.**

**E.T. 4.b.-7.b.**

**Mulan 1.b.-5.b.**

**Konunglegt samband 8.b.-10.b.**

**Ida 8.b.-10.b.**

**Píanóleikarinn 10.b.**

**Kirikou og galdranornin 1.b.-4.b.**

**Lilet Never Happened 8.b.-10.b.**

**Harry Potte og eldbikarinn 6.b.-9.b.**

**Malala 7.b.-10.b.**

**Verkefnisstjóri og höfundur: Oddný Sen**

## MALALA

Sýnd kl. 10:00 - 16. febrúar, 14. apríl

Sýnd kl. 13:00 - 26. apríl

**TEGUND OG ÁR: Heimildamynd, 2015, LENGD: 87 MIN LAND: ÞÝSKALAND, BANDARÍKIN/ LEIKSTJÓRI: Davis Guggenheim, AÐALHLUTVERK: Malala Yousafazi, Mobin Khan.**



Myndin fjallar um Malölu Yousafzai sem fæddist í Pakistan 12. júlí 1997. Hún ólst upp í héraði Pakistan sem Talíbanar stjórnuðu en þeir bönnuðu stúlkum að sækja nám. Árið 2009 hóf Malala að skrifa á bloggsíðu fyrir BBC undir dulnefni. Þar lýsti hún lífi sínu undir stjórn Talíbana og fjallaði um að auka réttindi stúlkna til menntunar. Talíbanar skutu hana í höfuðið í skólarútu 9. október 2012 en Malala komst lífs af og var flutt til Bretlands þar sem hún gekkst undir margar skurðaðgerðir.

Malala hefur barist hetjulega fyrir rétti stúlkna til að mennta sig í Pakistan og hlaut friðarverðlaun Nóbels 2014.











**BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR**
**VORIÐ 2016**

PANTIÐ TÍMANLEGA: oddnysen@gmail.com

**Verkefnisstjórn: Oddný Sen, kvikmyndafræðingur.**

Kvikmyndamiðstöð ÍSLANDS Icelandic Film Centre

EUROPA CINEMAS
MEDIA • PROGRAMME OF THE EUROPEAN UNION

BÍÓ PARADÍS
Heimili kvikmyndanna